

# Reglur um námsmannaafslætti

Eftirtaldar reglur gilda um námsmannaafslætti í leikskólum á starfssvæði fræðslunefndar Rangárbings ytra og Ásahrepps.

## Forsendur fyrir heimild til afsláttar

- Miðað er við að námið sé lánshæft samkvæmt viðmiðunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna.
- Skrifstofa LÍN veitir upplýsingar um þá skóla og það nám sem metið er lánshæft.
- Námsmaður skal vera í a.m.k. 75 % námi á háskólastigi en í 100 % námi sé hann í sérnámi.
- Námsmenn á háskólastigi skulu taka a.m.k. 11 einingar á önn.
- Veittur er námsmannafsláttur til nema í fullu námi í framhalds-, mennta-, fjölbrauta- og iðnskóla.
- Kvöldnám er ekki tekið gilt.
- Leggja þarf fram skólavottorð/námssamning með beiðni um námsmannaafslátt.

## Annað foreldri í námi : 15 % afsláttur

Veittur er 15 % afsláttur ef annað foreldrið er í námi og uppfyllir skilyrði sem eru talin upp hér að ofan.

## Báðir foreldrar í námi : 30 % afsláttur

Veittur er 30 % afsláttur ef báðir foreldrar eru í námi og uppfylla skilyrði sem eru talin upp hér að ofan.

Þeir foreldrar sem eiga rétt á námsmannaafslætti, samkvæmt ofanrituðu, skulu sækja um skriflega til viðkomandi leikskólastjóra.

Ef upp kemur árgreiningur um túlkun þessara reglna er heimilt að vísa málinu til fræðslunefndar.

**Samþykkt samhljóða á fundi fræðslunefndar 11. febrúar 2004.**